

FS: [Mínar Síður] Umsókn um Stuðningur við frumkvöðla frá Kalksalt ehf.

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Almennur póstur
Heiti : FS: [Mínar Síður] Umsókn um Stuðningur við frumkvöðla frá Kalksalt ehf.
Málsnúmer : 2020100108
Málsaðili : Kalksalt ehf.
Skráð dags : 26.10.2020 13:56:39
Höfundur : Almennur póstur

Ég óttast að þessi umsókn um frumkvöðlastyrk hafi ekki verið send áfram á þig á sínum tíma.

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 - tinnaolafs@isafjordur.is

Frá: Ísafjarðarbær Mínar Síður

Sent: laugardagur, 12. september 2020 17:39

Til: Ísafjarðarbær

Efni: [Mínar Síður] Umsókn um Stuðningur við frumkvöðla frá Kalksalt ehf.

Nafn: Kalksalt ehf.

Kennitala: 5402121630

Netfang: kalksalt@kalksalt.is

Símanúmer 8430077

Nafn	Kalksalt ehf.
Kennitala	5402121630
Heimilisfang	Hrannargata 2
Póstnúmer	425
Sími	8430077
Netfang	kalksalt@kalksalt.is
Nafn	Sæbjörg Freyja Gísladóttir
Kennitala	2405813539
Heimili	Hrannargata 2
Sími	8430077

Styrkur sem sótt er um Fyrir hönd Kalksalts ehf. á Flateyri sæki ég, Sæbjörg Freyja Gísladóttir, um stuðning við greiðslu lóða- og fasteignagjalda á húsnæði fyrirtækisins að Hafnarbakka 8 á Flateyri

Nákvæm lýsing á verkefninu Kalksalt ehf. er nýsköpunarfyrirtæki á Flateyri sem framleiðir saltbætiefnafötur fyrir búfénað. Fyrirtækið er það eina sinnar tegundar á Íslandi. Fram til vors 2020 var

fyrirtækið staðsett í leiguhúsnæði á Flateyri en missti það í maí 2020. Um leið bauðst Kalksalti þó að kaupa beituskýli að Hafnarbakka 8 á Flateyri, sem fyrirtækið og gerði. Sumarið fór í niðurrif og endurbætur á þessu húsnæði svo hentaði starfssemi Kalksalts. Húsakaup eru þó stór biti fyrir lítið nýsköpunarfyrirtæki og því er ljóst að stuðningur í formi afsláttar á lóða- og fasteignagjöldum mun hjálpa mikið.

Ávinningur af verkefninu fyrir bæjarfélagið

Þegar Sæbjörg Gísladóttir keypti Kalksalt ehf. af Úlfari Önundarsyni í júní 2019 gekk sala bætiefnafatanna vel, en markaðssetning var mjög stutt á veg komin og nánast engir bændur utan Stranda og norðanverðra Vestfjarða kannaðist við Kalksalt. Síðan þá hafa Sæbjörgu og manni hennar Eyvindi tekist að koma kalksalti inn í verslanir hringinn í kringlum landið og að auki markaðssett tvær nýjar vörutegundir. Sæbjörg hefur hingað til verið eini launaði starfsmaður Kalksalts ehf og á 50% launum vegna þess hve mikill tími og peningur hefur farið í markaðssetningu. Sú fjárfesting er þó að skila sér og Kalksalt mun efalaust vaxa hratt og mikið næstu ár og verða bæði atvinnuskapandi og sómi fyrir Vestfirði sem eina fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi.

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill taka fram

Uppistaða vörunnar sem Kalksalt ehf. selur er endurunnið salti frá fiskvinnslum á Vestfjörðum. Að auki notast fyrirtækið við kalkþörungum frá Bíldudal. Vörur Kalksalts eru því nánast eingöngu úr vestfirsku hráefni. Ýmsar landbúnaðarverslanir selja sambærilega vörur en þær eru allar innfluttar. Eftir heimsfaraldur Covid 19 er mikil eftirspurn hjá bændum eftir innlendri vöru og Sæbjörg og ólaunaði starfsmaður hennar og maki, Eyvindur Atli Ásvaldsson, eiga oft í erfiðleikum með að anna eftirspurn. Verksmiðjan er enn mjög frumstæð og eins og áður var sagt er það stór biti fyrir lítið fyrirtæki að fjárfesta í húsnæði og breyta því. Þess vegna er allur stuðningur við fyrirtækið ákaflega vel þeginn.